

SAMNINGUR

um barnaverndarþjónustu.

1. gr.

Umdæmi barnaverndarþjónustu, aðild, lagagrundvöllur og leiðandi sveitarfélag.

Sveitarstjórnir Fjarðabyggðar og Hornafjarðar reka saman barnaverndarþjónustu á Austurlandi. Þjónustan nefnist Barnaverndarþjónusta Fjarðabyggðar og Hornafjarðar. Samningur þessi er gerður með vísan til 10., 11. og 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 þar sem fjallað er um umdæmi barnaverndarþjónustu og 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Íbúar barnaverndarþjónustuumdæmis Fjarðabyggðar og Hornafjarðar voru 7656 þann 1. janúar 2022. Önnur sveitarfélög geta orðið aðilar að samningnum með samþykki allra aðildarsveitarfélaga og með undirritun viðauka við samning þennan. Framangreind sveitarfélög mynda sameiginlega barnaverndarþjónustu. Þjónustusvæðið er ekki sjálfstæður lögaðili. Samstarfssamningurinn tekur gildi 1. mars 2023, að fenginni staðfestingu sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga og mennta- og barnamálaráðuneytisins. Fjarðabyggð er leiðandi sveitarfélag í umdæminu í skilningi 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og tekur yfir verkefni samkvæmt samningi þessum frá og með 1. mars 2023. Aðilar skuldbinda sig til þess að hafa gagnvirk samráð um ákvarðanir innan þessa samstarfs sem hafa áhrif á fjárhagslegar skuldbindingar aðildarsveitarfélaganna eða leiða til verulegra breytinga á veittri þjónustu í málaflokknum, sbr. 2. gr. í samningi þessum. Valdheimildum Fjarðabyggðar og Hornafjarðar er lýst nánar hér á eftir. Fylgiskjalið við samninginn er ófrávíkjanlegur hluti hans.

Samningi þessum fylgja samþykktir aðildarsveitarfélaganna um vald til fullnaðarafgreiðslu mála með vísan til 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 auk sameiginlegra málsmeðferðarreglna og eru þau gögn ófrávíkjanlegur hluti samnings þessa.

2. gr.

Verkefni barnaverndarþjónustu.

Með samningi um barnaverndarþjónustu Fjarðabyggðar og Hornafjarðar felur Hornafjörður Fjarðabyggð að annast fyrir sig verkefni barnaverndarþjónustu samkvæmt 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, sem ekki eru sérstaklega falin öðrum. Fagleg ábyrgð og ákvarðanatataka er hjá Fjarðabyggð, sbr. 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Starfsfólk félagsþjónustusvæðanna lýtur boðvaldi Fjarðabyggðar í málum sem heyra undir samning þennan. Unnið er samkvæmt samþykkt um fullnaðarafgreiðslu barnaverndarmála, sjá fylgiskjal með samningnum. Umdæmisráð landsbyggðanna tekur eftirfarandi ákvarðanir með úrskurði, sbr. tilvitnuð ákvæði barnaverndarlaga:

1. Beiting úrræða án samþykkis foreldra, sbr. 26. gr.
2. Vistun barns utan heimilis í allt að fjóra mánuði, sbr. 27. gr.
3. Heimild til barnaverndarþjónustu um að gera kröfu fyrir dómi um vistun barns í allt að tólf mánuði, sbr. 28. gr.
4. Heimild til barnaverndarþjónustu um að gera kröfu fyrir dómi um forsjársviptingu, sbr. 29. gr.
5. Umgengni í fóstri og við vistun, sbr. 74. og 81. gr.

Barnaverndarþjónusta Fjarðabyggðar og Hornafjarðar undirbýr og fer fram á úrskurð umdæmisráðs vegna mála sem lúta úrskurðarvaldi ráðsins. Fjarðabyggð setur reglur barnaverndarþjónustunnar um veitingu fjárstyrks vegna málsmeðferðar til greiðslu lögmannsaðstoðar, sbr. 47. gr. barnverndarlaga nr. 80/2002. Viðkomandi sveitarfélag greiðir styrkinn eftir lögheimili málsaðila. Reglurnar fara til umsagnar fagráðs og framkvæmdaráðs áður en þær koma til framkvæmda. Hvert félagsþjónustusvæði leggur til starfsfólk sem kemur að meðferð barnaverndarmála á viðkomandi svæði í samræmi við fylgiskjal með samningi þessum. Starfsfólk lýtur yfirstjórn og ábyrgð Fjarðabyggðar í málum sem heyra undir barnaverndarþjónustuna. Félagþjónustusvæðin eru tvö: Fjarðabyggð og Hornafjörður.

3. gr.

Framkvæmdaráð.

Aðildarsveitarfélög samningsins mynda framkvæmdaráð sem er vettvangur fyrir fulltrúa sveitarfélaganna til þess að fjalla um stefnumótun þjónustunnar, almennan rekstur hennar á starfssvæðinu, starfsáætlun, rekstraryfirlit sem og fjárhagsáætlun áður en hún er send sveitarstjórnnum til kynningar. Fundargerðir framkvæmdaráðs skulu sendar sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaga eftir hvern fund ráðsins og ber formaður framkvæmdaráðs ábyrgð á útsendingu þeirra. Í framkvæmdaráði eiga sæti fulltrúar sveitastjórna sveitarfélaganna að samningi þessum, ásamt sviðsstjóra velferðasviðs Hornafjarðar, sviðsstjóra fjölskyldusviðs og stjórnanda félagsþjónustu og barnaverndar Fjarðabyggðar. Sviðstjóri fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar og sviðsstjóra velferðasviðs Hornafjarðar skipta með sér formennsku ráðsins. Formaður skal kalla ráðið saman tvisvar á ári en hver aðili að framkvæmdaráði getur óskað eftir fundi utan þess tíma þyki þess þörf. Sveitarfélagið Fjarðabyggð kallar til fundar ráðsins þá starfsmenn sem þurfa þykir hverju sinni. Ekki er greitt sérstaklega fyrir fundarsetu.

4. gr.

Fagráð.

Fagráð Barnaverndarþjónustu Fjarðabyggðar og Hornafjarðar er skipað yfirmönnum félagsþjónustusvæða aðildarsveitarfélaga. Stjórnandi félagsþjónustu og barnaverndar er formaður ráðsins. Formaður ber ábyrgð á boðun funda í fagráði sem skal að jafnaði funda mánaðarlega, en oftast ef þurfa þykir. Ekki er greitt sérstaklega fyrir fundarsetu. Fagráð er vettvangur til að móta og aðlaga verklag við afgreiðslur mála í samræmi við lög, reglugerðir og gæðaviðmið á hverjum tíma sem þjónustan fellur undir. Formaður svarar erindum sem við eiga eða vísar þeim til meðferðarfundar. Formaður sendir út erindi til opinberra aðila, að eigin fúmkvæði, í samræmi við ákvörðun framkvæmdaráðs eða meðferðarfundar. Starfsemi fagráðs er á ábyrgð Fjarðabyggðar. Fagráð hefur faglegt ráðgjafahlutverk, er vettvangur til að fjalla um og veita faglega ráðgjöf um einstök mál er varða þjónustu. Fagráðið kallar til fundar þá starfsmenn í málaflokknum sem þurfa þykir hverju sinni. Fagráð fylgist með málaskrá og hvar mál eru stödd í vinnslu. Notast verður við sameiginlegt skráningarkerfi, ONECrm, fyrir aðildarsveitarfélög þar til sameiginlegur gagnagrunnur Barna- og fjölskyldustofu er tilbúinn. Fram að því sjá yfirmenn hvers félagsþjónustusvæðis til þess að gögnum sé deilt og þau varðveitt á öruggan hátt í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

5. gr.

Fagfundir.

Fagfundir skulu boðaðir vikulega ef mál eru á dagskrá. Sjónandi félagsþjónustu og barnaverndar Fjarðabyggðar ber ábyrgð á og stýrir fagfundum. Fundirnir eru til þess að ákvarða málsmeðferð og taka ákvarðanir í einstaka málum sem starfsmenn viðkomandi félagsþjónustusvæðis framfylgja. Að jafnaði skulu fundir haldnir á fjarfundi. Fundina situr það fagfólk sem þörf er á hverju sinni eftir eðli mála. Starfsmenn viðkomandi félagsþjónustusvæðis senda inn tilkynningu um mál á dagskrá. Að öðru leyti eru málin kynnt eða vinnsla þeirra ákvörðuð á fundunum, sbr. samþykkt um fullnaðarafgreiðslu barnaverndarmála Barnaverndarþjónustu Fjarðabyggðar og Hornafjarðar, sjá fylgiskjal með samningnum.

6. gr.

Hlutverk sveitarfélaga.

Fjarðabyggð ber ábyrgð á Barnaverndarþjónustu Fjarðabyggðar og Hornafjarðar sbr. barnaverndarlög nr. 80/2002. Fjarðabyggð ber ábyrgð á fullnaðarafgreiðslu barnaverndarmála á starfssvæði samningsins. Aðildarsveitarfélögin bera ábyrgð á að hafa á að skipa hæfu starfsfólki, sbr. barnaverndarlög nr. 80/2002, vegna vinnslu mála hjá hverju félagsþjónustusvæði. Umrætt starfsfólk lýtur ákvörðunarvaldi Fjarðabyggðar í þeim málum sem heyra undir samning þennan. Ef breytinga er þörf á t.d. regluverki skal málið fara til umsagnar til félagsmálanefndar Fjarðabyggðar og velferðarnefnd Hornafjarðar. Þau ráð fjalla einnig um stefnumótun þjónustunnar, almennan rekstur, starfsáætlun, rekstraryfirlit sem og fjárhagsáætlun

7. gr.

Kostnaðarskipting.

Sérkostnaður hvors aðildarsveitarfélags:

- a. Allur kostnaður vegna úrræða og stuðnings.
- b. Sérfræðikostnaður, t.d. lögfræðialit, sálfræðiþjónusta o.fl.
- c. Kostnaður vegna mála sem tekin eru fyrir af umdæmisráði.
- d. Kostnaður vegna bakvakta og útkalla.
- e. Hvort sveitarfélag greiðir laun í tilefni útkalla vegna barna í viðkomandi sveitarfélagi.
- f. Kostnaður vegna áætlunar um meðferð einstakra mála hjá börnum með lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi. Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna samkvæmt 22. gr. a. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Kostnaður vegna sérfræðiþjónustu sem fagrað kallar eftir fyrir Barnaverndarþjónustu Fjarðabyggðar og Hornafjarðar og varðar þjónustuna í heild, skiptist á milli sveitarfélaga eftir íbúafjölda 1. janúar sama ár. Reikningur greiðist af Fjarðabyggð sem deilir kostnaðinum á aðildarsveitarfélög. Ef sérfræðingar eru kallaðir til funda fagraðs eða á meðferðarfundi til ráðgjafar vegna einstaka mála skal kostnaður vegna þess skiptast miðað við málfjölda hvors félagsþjónustusvæðis sem ráðgjöfin nær til hverju sinni. Reikningur greiðist af Fjarðabyggð sem deilir kostnaðinum á viðkomandi félagsþjónustusvæði. Fjarðabyggð sendir reikning til sveitarfélaga ársfjórðungslega. Fjarðabyggð sækir einnig um framlag frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, þegar það á við.

Upplýsingar um íbúafjölda eru uppfærðar 1. janúar ár hvert miðað við tölur frá Hagstofu Íslands. Þessi grein samningsins skal endurskoðuð fyrir 1. mars 2023 og leiði sú endurskoðun til breytinga skal hún vera afturvirk frá 1. janúar 2023. Íbúafjöldi 1. janúar 2023: Fjarðabyggð, 68 % og íbúafjöldi Hornafjarðar 1. janúar 2023, 32%.

8. gr.

Úrsögn sveitarfélags.

Ákveði sveitarfélag að hætta aðild að Barnaverndarþjónustu Fjarðabyggðar og Hornafjarðar skv. samningi þessum skal viðkomandi sveitarfélag tilkynna það með skriflegum hætti til fyrir 1. september ár hvert. Tekur úrsögn þá gildi við næstu áramót að því gefnu að sveitarfélagið hafi greitt upp allan þann kostnað sem því ber, sbr. 7. gr. 9.

9. gr.

Endurskoðun.

Aðilar samnings þessa skulu endurskoða samninginn fyrir 31. desember 2023. Skal þá metið hvort forsendur hafi breyst. Fjarðabyggð skal boða til fundar með mánaðar fyrirvara þar sem hugsanlegar breytingartillögur verða bornar upp og ræddar. Fagráð skal með reglubundnum hætti endurskoða samning þennan og telji það þörf á endurskoðun skal það koma þeim upplýsingum til formanns framkvæmdaráðs. Það sama á við ef annað aðildarsveitarfélaganna fer fram á endurskoðun samningsins í heild eða að hluta. Rísi ágreiningur um túlkun og framkvæmd á samningi þessum eða verkefnum honum tengdum sem ekki hefur tekist að leysa, skal skipa þriggja manna sáttanefnd til að fjalla um ágreininginn og leita lausna á honum. Skal a.m.k. einn nefndarmanna í sáttanefnd vera óháður sveitarfélögunum. Sáttanefndin leggur fram tillögu til sveitarstjórna um lausn ágreiningsins. Samþykki sveitarstjórnir ekki sáttatillöguna og fullreynt þykir að sættir náist er unnt að skjóta málinu til úrlausnar Héraðsdóms Austurlands. Fjarðabyggð er heimilt að fela utanaðkomandi sérfræðingum vinnslu og meðferð mála eftir því sem þörf er á hverju sinni.

10. gr.

Gildistaka.

Samningur þessi öðlast gildi 1. mars 2023 og er ótímabundinn. Af samningi þessum eru gerð þrjú samhljóða eintök, eitt handa hvorum samningsaðila og eitt til ráðuneytisins í samræmi við 93. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Fylgiskjal með samningi um barnaverndarþjónustu Fjarðabyggðar og Hornafjarðar.

SAMÞYKKT

**um fullnaðarafgreiðslu mála hjá Barnaverndarþjónustu Fjarðabyggðar og Hornafjarðar
samkvæmt 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.**

1. gr. Grundvöllur

Samþykkt þessi er sett á grundvelli 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 (barnaverndarlög). Þar er tilgreindum starfsmönnum Barnaverndarþjónustu Fjarðabyggðar og Hornafjarðar skv. reglum þessum falið umboð til könnunar, meðferðar og ákvarðanatöku í einstökum barnaverndarmálum og öðrum málum þar sem barnaverndarþjónusta fer lögum samkvæmt með ákvörðunarvald. Sé ekki sérstaklega mælt fyrir um það í samþykkt þessari hver hefur heimild til að taka ákvörðun f.h. Barnaverndarþjónustu Fjarðabyggðar og Hornafjarðar hefur stjórnandi barnaverndar og félagsþjónustu Fjarðabyggðar eða sviðsstjóri fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar heimild til að taka slíka ákvörðun.

2. gr. Skilgreining á hugtökum

Stjórnandi barnaverndar og félagsþjónustu er stjórnandi Barnaverndarþjónustu Fjarðabyggðar og Hornafjarðar.

Lögfræðingur er verktaki sem vinnur að málum barnaverndarþjónustu Fjarðabyggðar og Hornafjarðar.

Sviðsstjóri er stjórnandi fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar og stjórnandi velferðasviðs Hornafjarðar. Sviðsstjóri fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar er ábyrgur fyrir barnaverndarþjónustu Fjarðabyggðar og Hornafjarðar.

Fagfundur er fundur teymis, þar sem fram fara umræður um einstök mál, sjónarmið fagaðila, barna og foreldra eru ígrunduð og lagt mat á stefnu máls og mál afgreidd þegar það á við. Meðferðarfundir eru að jafnaði haldnir vikulega og stýrt af stjórnanda barnaverndar og félagsþjónustu Fjarðabyggðar og Hornafjarðar.

Sérhæfður starfsmaður barnaverndarþjónustu starfar á skrifstofu barnaverndarþjónustu í teymi og telst sérhæft starfsfólk í skilningi 3. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga. Þetta eru starfsmenn með eftirfarandi starfsheiti: félagsráðgjafi Barnaverndarþjónustu eða ráðgjafi Barnaverndarþjónustu eða sérfræðingur barnaverndarþjónustu.

Starfsmaður er starfsmaður Barnaverndarþjónustu Fjarðabyggðar Fjarðabyggðar og Hornafjarðar.

Úthlutunarfundur er vikulegur fundur stjórnanda barnaverndar og félagsþjónustu og starfsmanna barnaverndarþjónustu þar sem teknar eru ákvarðanir um könnun máls og úthlutun tiltekinna mála til starfsmanna. Í fjarveru stjórnanda barnaverndar og félagsþjónustu getur tiltekinn sérhæfður starfsmaður stýrt fundi fyrir hans hönd og tekið ákvarðanir í hans umboði.

Könnunarteymi – vantar skilgreiningu?

3. gr. Heimildir og umboð starfsmanna

Í forföllum eða fjarveru stjórnanda barnaverndar og félagsþjónustu leysir tiltekinn sérhæfður starfsmaður eða sviðsstjóri hann af.

4. gr. Starfslið

Stjórnandi barnaverndar og félagsþjónustu ræður starfslið Barnaverndarþjónustu Fjarðabyggðar Fjarðabyggðar og Hornafjarðar.

Stjórnanda barnaverndar og félagsþjónustu er heimilt að semja við stofnanir, svo sem á sviði félags-, skóla- og heilbrigðisþjónustu, um sameiginlegt starfsmannahald og sérfræðiþjónustu.

Stjórnanda barnaverndar og félagsþjónustu er heimilt að fela utanaðkomandi sérfræðingum vinnslu og meðferð mála eftir því sem þörf er á hverju sinni. Þá er stjórnanda barnaverndar og félagsþjónustu heimilt að semja við utanaðkomandi aðila um rekstur vistheimila eða annarra úrræða á grundvelli 84. gr. barnaverndarlaga.

5. gr. Valdsvið og samstarf barnaverndarþjónustna

Stjórnandi barnaverndar og félagsþjónustu getur samið við aðrar barnaverndarþjónustur um að mál skuli að einhverju eða öllu leyti unnið í þeirra umdæmi, þó barn hafi fasta búsetu í Fjarðabyggð eða Hornafirði. Sömuleiðis getur stjórnandi barnaverndar og félagsþjónustu samið við aðrar barnaverndarþjónustur um að mál skuli að einhverju eða öllu leyti unnið í umdæmi Barnaverndarþjónustu Fjarðabyggðar og Hornafjarðar. Þó barn hafi fasta búsetu annars staðar. Að öðru leyti fer um þessi mál samkvæmt 15. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, með síðari breytingum.

Ef beita þarf neyðarráðstöfun skv. 31. gr. barnaverndarlaga vegna barns sem statt er í Fjarðabyggð en hefur fasta búsetu annars staðar getur sérhæfður starfsmaður, í samráði við stjórnanda barnaverndar og félagsþjónustu, lögfræðing eða sviðsstjóra án undangenginnar málsmeðferðar skv. VIII. kafla barnaverndarlaga, framkvæmt hana. Starfsmaður skal án tafar

tilkynna viðkomandi barnaverndarþjónustu um málið sem skal taka málið til meðferðar og taka allar frekari ákvarðanir.

I. Upphaf og könnun barnaverndarmáls

6. gr. *Nafnleynd*

Tilkynnandi skv. 16. gr. barnaverndarlaga skal njóta nafnleyndar gagnvart öðrum en Barnaverndarþjónustu Fjarðabyggðar og Hornafjarðar., óski hann þess, nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Óski aðili máls eftir afléttingu á nafnleynd getur stjórnandi barnaverndar og félagsþjónustu í samráði við lögfræðing með þekkingu á barnaverndarþjónustu tekið ákvörðun um að synja um afléttingu nafnleyndar.

Ef rökstuddur grunur er um að tilkynnandi hafi vísitandi komið á framfæri rangri eða villandi tilkynningu getur stjórnandi barnaverndar og félagsþjónustu í samráði við lögfræðing tekið ákvörðun um að aflétta nafnleyndinni. Ef tekin er ákvörðun um að aflétta nafnleynd getur stjórnandi barnaverndar og félagsþjónustu óskað lögreglurannsóknar á meintu broti gegn 96. gr. barnaverndarlaga.

7. gr. *Ákvörðun um könnun máls*

Þegar tilkynning berst skal sérhæfður starfsmaður taka afstöðu til þess hvort ástæða sé til að vísa máli til úthlutunarfundar til ákvarðanatöku eða hvort ekki sé ástæða til að hefja könnun.

Stjórnandi barnaverndar og félagsþjónustu ásamt barnaverndarteymi tekur ákvörðun á úthlutunarfundi um hvort hefja skuli könnun máls. Ákvörðun um að hefja könnun máls skal ekki tekin nema rökstuddur grunur sé um að tilefni sé til.

Stjórnandi barnaverndar og félagsþjónustu ásamt barnaverndarteymi Fjarðabyggðar og Hornafjarðar tekur ákvörðun um að fresta tilkynningu til foreldra vegna ríkra rannsóknarhagsmuna, sbr. 3. mgr. 21. gr. barnaverndarlaga.

Ef brýna nauðsyn ber til hefur sérhæfður starfsmaður, að höfðu samráði við stjórnanda barnaverndar og félagsþjónustu, heimild til að hefja könnun án þess að úthlutunarfundur hafi fjallað um málið.

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um að hefja könnun máls úthlutar stjórnandi barnaverndar og félagsþjónustu málinu til sérhæfðs starfsmanns.

8. gr. Úthlutun annarra mála

Mál sem heyra undir Barnaverndarþjónustu Fjarðabyggðar og Hornafjarðar en eru ekki unnin á grundvelli V. kafla barnaverndarlaga skal stjórnandi barnaverndar og félagsþjónustu úthluta málinu til sérhæfðs starfsmanns.

9. gr. Skipan talsmanns

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um að hefja könnun máls skal sérhæfður starfsmaður að höfðu samráði við stjórnanda barnaverndar og félagsþjónustu taka afstöðu til þess í bókun hvort þörf sé á að skipa barni talsmann.

10. gr. Könnun máls

Sérhæfður starfsmaður sem fer með könnun máls sér um að afla upplýsinga í samræmi við ákvæði barnaverndarlaga og reglugerða, leita aðstoðar sérfræðinga og óska eftir þjónustu Barnahúss eftir því sem við á, sbr. 22. gr. barnaverndarlaga. Hann leitast við að könnun fari fram í samráði og samvinnu við forsjáraðila, þó ætíð með hagsmuni barns að leiðarljósi. Sérhæfður starfsmaður fer með þær rannsóknarheimildir sem mælt er fyrir um í 43. gr. barnaverndarlaga. Sérhæfður starfsmaður tekur þátt í samþættingu þjónustunnar frá upphafi barnaverndarmáls ef fyrir liggur beiðni um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns sbr. 22. gr. a. barnaverndarlaga. Ef ekki liggur fyrir beiðni um samþættingu þjónustu ber sérhæfðum starfsmanni við upphaf könnunar og eftir þörfum á meðan könnun vindur fram, að leiðbeina foreldrum og/eða barni um rétt samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.

Að lokinni könnun máls skulu sérhæfður starfsmaður og stjórnandi barnaverndar og félagsþjónustu taka ákvörðun á úthlutunarfundi um hvort loka eigi máli eða gera áætlun um meðferð máls, sbr. 1. mgr. 23. gr.

11. gr. Lögreglurannsókn

Ef grunur leikur á um að alvarlegt refsivert brot hafi verið framið gagnvart barni tekur sérhæfður starfsmaður ákvörðun um að óska lögreglurannsóknar. Eftir atvikum skal leita samþykkis forsjáraðila sem hefur barn í sinni umsjá og hafa samráð við barn. Stjórnandi barnaverndar og félagsþjónustu skal upplýstur um að máli hafi verið vísað í lögreglurannsókn.

12. gr. Neyðarráðstafanir

Ef beita þarf neyðarráðstöfun skv. 31. gr. barnaverndarlaga getur sérhæfður starfsmaður að höfðu samráði við stjórnanda barnaverndar og félagsþjónustu, lögfræðing eða sviðsstjóra framkvæmt hana án undangenginnar málsmeðferðar skv. VIII. kafla barnaverndarlaga.

Með samþykki forsjáraðila getur sérhæfður starfsmaður tekið ákvörðun um neyðarráðstöfun gagnvart barni sem er 15 ára eða eldra án samráðs. Stjórnandi barnaverndar og félagsþjónustu skal upplýstur um ákvörðunina.

Við aðstæður þær sem 1. mgr. 31. gr. barnaverndarlaga lýsir er sérhæfðum starfsmanni heimilt, þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 43. gr., að fara inn á heimili enda sé ástæða til að ætla að barn sé í bráðri hættu.

II. Ráðstafanir barnaverndarþjónustu

13. gr. Áætlun um meðferð máls

Sérhæfður starfsmaður, í samvinnu við forsjáraðila og eftir atvikum barn sem náð hefur 15 ára aldri, skal gera skriflega áætlun um meðferð máls og undirritar áætlunina f.h. Barnaverndarþjónustu Fjarðabyggðar og Hornafjarðar.

Sérhæfður starfsmaður skal gera einhliða áætlun um framvindu máls og beitingu úrræða, náist ekki samkomulag við foreldra eða barn, þegar það á við, sbr. 24. gr. reglugerðar nr. 56/2004 og 4. mgr. 23. gr. barnaverndarlaga.

Sérhæfður starfsmaður og stjórnandi barnaverndar og félagsþjónustu taka ákvörðun á meðferðarfundi um lokun máls þegar áætlun rennur út eða meðan meðferðaráætlun er í gangi ef aðstæður barns verða viðunandi eða ekki er af öðrum ástæðum þörf á áframhaldandi vinnslu á grundvelli barnaverndarlaga.

14. gr. Framkvæmd meðferðaráætlunar

Sérhæfður starfsmaður skal sjá um alla framkvæmd meðferðaráætlunar. Hann skal koma á þeim stuðningi sem þar er mælt fyrir um og þörf er á, þar á meðal samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns. Hann skal meta þörf á samstarfi við aðra aðila sem veitt gætu stuðning eða vinna í málum barnsins og koma á slíku samstarfi sé þess þörf. Sérhæfður starfsmaður getur, með samþykki foreldra, beitt þeim úrræðum sem kveðið er á um í 24. og 26. gr. barnaverndarlaga, sbr. einnig 10. gr. reglugerðar nr. 652/2004.

15. gr. Úrræði utan heimilis með samþykki foreldra og barns

Sérhæfður starfsmaður og stjórnandi barnaverndar og félagsþjónustu getur, með samþykki foreldra og barns sem náð hefur 15 ára aldri mælt fyrir um að:

- a. Barnavernd Fjarðabyggðar og Hornafjarðar taki við forsjá eða umsjá barns og ráðstafað barni í fóstur,

- b. Barnavernd Fjarðabyggðar og Hornafjarðar taki við forsjá eða umsjá barns og vistað barn utan heimilis á heimili eða stofnun eða leitað annarra úrræða skv. XIII. og XIV. kafla barnaverndarlaga til umönnunar, rannsóknar, meðferðar eða stuðnings.

Ákvörðun um að taka við forsjá eða umsjá barns sbr. a. og b. lið skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

Sérhæfður starfsmaður með samþykki stjórnanda barnaverndar og félagsþjónustu getur ákveðið með samþykki ungmennis að ráðstöfun í fóstur eða vistun haldist eftir að ungmenni verður 18 ára, allt til 20 ára aldurs. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

Ungmenni getur skotið synjun, um að ráðstöfun í fóstur eða vistun haldist eftir að viðkomandi verður 18 ára, til úrskurðarnefndar velferðarmála.

16. gr. Vinnsla máls meðan vistun og/eða fóstur varir

Þegar fyrir liggur ákvörðun um vistun eða fóstur barns skal sérhæfður starfsmaður fara með alla vinnslu máls á meðan vistun eða fóstur varir. Í því felst m.a. að sækja um vistun á meðferðarheimili á vegum Barna- og fjölskyldustofu, gera vistunarsamning á grundvelli 80. gr. barnaverndarlaga, sækja um vistun/fóstur á grundvelli 84. gr. barnaverndarlaga, ganga frá áætlun um tryggja umsjá barns á grundvelli 25. gr. reglugerðar nr. 56/2004 og 33. gr. barnaverndarlaga, koma á stuðningi við barn og/eða vistunaraðila, hafa frumkvæði að umgengni við nákomna eftir því sem þörf er á og gera umgengnissamning, fylgja eftir áætlun um meðferð og vistun barns, meta tímanlega árangur af fóstur eða vistun áður en henni lýkur og þörf á beitingu frekari úrræða.

17. gr. Úrræði án samþykkis foreldra

Sérhæfður starfsmaður og stjórnandi barnaverndar og félagsþjónustu taka ákvörðun, að höfðu samráði við lögfræðing, að fara fram á það við umdæmisráð barnaverndar að ráðið kveði upp úrskurð á grundvelli 26. - 29. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

18. gr. Úrræði vegna ófæddra barna

Sérhæfður starfsmaður og stjórnandi barnaverndar og félagsþjónustu taka ákvörðun, að höfðu samráði við lögfræðing, um að sett skuli fram krafa fyrir dómi um sviptingu sjálfræðis barnshafandi einstaklings samkvæmt ákvæðum lögræðislaga, í samræmi við 2. mgr. 30. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

19. gr. Endurskoðun ráðstafana

Sérhæfður starfsmaður og stjórnandi barnaverndar og félagsþjónustu taka afstöðu til beiðni um endurskoðun ráðstafana í samræmi við 2. mgr. 34. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

20. gr. *Brottvikning heimilismanns og nálgunarbann*

Sérhæfður starfsmaður og stjórnandi barnaverndar og félagsþjónustu taka ákvörðun um að setja fram beiðni til lögreglu í samræmi við 37. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

21. gr. *Fyrirsvar*

Barnaverndarþjónustan fer með fyrirsvar fyrir dómstólum og úrskurðarnefnd velferðarmála. Stjórnandi barnaverndar og félagsþjónustu í samræmi við lögfræðingur og sérhæfðan starfsmann, tekur nauðsynlegar ákvarðanir um meðferð máls fyrir dómi, svo sem hvort afla eigi dómkvadds mats o.s.frv. Ákvarðanir um sættir eða falla frá máli skulu staðfestar af stjórnandi barnaverndar og félagsþjónustu eða sviðsstjóra í hans fjarveru.

III. Ráðstöfun barna í fóstur

22. gr. *Fóstur*

Sérhæfður starfsmaður og stjórnandi barnaverndar og félagsþjónustu taka ákvörðun um að ráðstafa barni í fóstur í samræmi við XII. kafla barnaverndarlaga þegar fyrir liggja þær aðstæður sem mælt er fyrir um í 65. gr. barnaverndarlaga og 2. gr. reglugerðar nr. 858/2013. Sérhæfður starfsmaður og stjórnandi barnaverndar og félagsþjónustu, að höfðu samráði á meðferðarfundi, taka ákvörðun um þau atriði sem mæla skal fyrir um í fóstursamningi, svo sem forsjáskyldur fósturforeldra, fósturtíma, greiðslur til fósturforeldra, umgengni í fóstur, stuðning við barn og fósturforeldra og annað sem máli skiptir.

23. gr. *Beiðni um fósturheimili og val á fósturforeldrum*

Sérhæfður starfsmaður sendir beiðni um fósturheimili til Barna- og fjölskyldustofu í samræmi við 15. gr. reglugerðar nr. 804/2004. Sérhæfður starfsmaður með samþykki stjórnanda barnaverndar og félagsþjónustu velur fósturforeldra úr hópi þeirra sem eru á skrá í samráði við Barna- og fjölskyldustofu, sbr. 16. gr. reglugerðar nr. 804/2004. Sérhæfður starfsmaður undirbýr barn undir viðskilnað við foreldra. Sérhæfður starfsmaður skal leita umsagnar forsjárlaus foreldris áður en barni er ráðstafað í fóstur.

24. gr. *Réttarstaða foreldris sem ekki fer með forsjá barns*

Ef aðeins annað kynforeldra fer með forsjá barns þegar úrskurður eða svipting á sér stað eða foreldri sem fer eitt með forsjá afsalar sér umsjá eða forsjá til Barnaverndarþjónustu Fjarðabyggðar og Hornafjarðar. getur sérhæfður starfsmaður með samþykki stjórnanda barnaverndar og félagsþjónustu og að höfðu samráði á meðferðarfundi tekið ákvörðun um að ráðstafa barni til hins foreldrisins.

Með ákvörðun sérhæfðs starfsmanns og stjórnandi barnaverndar og félagsþjónustu, að undangengnu samráði á meðferðarfundi, er heimilt, ef hagsmunir barns eru taldir best tryggðir með þeim hætti, að afsala forsjá þess til hins kynforeldrisins.

25. gr. Réttarstaða foreldris sem barn býr ekki hjá þegar um sameiginlega forsjá er að ræða

Ef foreldri sem barn býr hjá þegar báðir fara sameiginlega með forsjá, afsalar sér umsjá barns skv. 25. gr. eða kveðinn er upp úrskurður um tímabundna vistun utan heimilis skv. 27. eða 28. gr. tekur sérhæfður starfsmaður með samþykki stjórnanda barnaverndar og félagsþjónustu ákvörðun um að hitt foreldrið taki við umsjá þess eða aðrir taki við umsjá þess. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

26. gr. Fóstursamningur

Þegar fóstur barns hefur verið samþykkt skal sérhæfður starfsmaður ganga frá fóstursamningi og undirrita f.h. Barnaverndarþjónustu Fjarðabyggðar og Hornafjarðar.

Ef breytingar verða á högum fósturforeldra á fósturtíma skal sérhæfður starfsmaður meta hvort þörf sé á að endurskoða fóstursamning í samræmi við 77. gr. barnaverndarlaga. Ef þörf er á endurskoðun fóstursamnings taka sérhæfður starfsmaður og stjórnandi barnaverndar og félagsþjónustu ákvörðun með bókun þar um, að undangengnu samráði á meðferðarfundi. Ef ekki næst samkomulag við fósturforeldra getur sérhæfður starfsmaður með samþykki stjórnanda barnaverndar og félagsþjónustu með rökstuddri ákvörðun breytt fóstursamningi eða fellt hann úr gildi. Ákvörðunin er kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála.

27. gr. Greiðslur til fósturforeldra

Sérhæfður starfsmaður með samþykki stjórnandi barnaverndar og félagsþjónustu og að undangengnu samráði á meðferðarfundi tekur ákvörðun um fjárhæð fósturlauna í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 858/2013. Fósturforeldrar geta óskað eftir endurskoðun á fjárhæð fósturlauna ef þeir telja að umönnunarpörf barns hafi breyst frá því að fóstursamningur var gerður. Ákvörðun er kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Sérhæfður starfsmaður með samþykki stjórnanda barnaverndar og félagsþjónustu og að undangengnu samráði á meðferðarfundi tekur ákvörðun um greiðslur í styrktu fósturi með Barna- og fjölskyldustofu, í samræmi við 6. gr. reglugerðar nr. 858/2013.

Fari fósturforeldrar fram á greiðslur á ófyrirséðum kostnaði með rökstuddri beiðni í samræmi við 8. gr. reglugerðar nr. 858/2013 skal sérhæfður starfsmaður með samþykki stjórnanda barnaverndar og félagsþjónustu og að undangengnu samráði á meðferðarfundi taka afstöðu til beiðninnar með rökstuddri bókun. Sú ákvörðun er kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála.

28. gr. Slit fóstursamnings

Sérhæfður starfsmaður með samþykki stjórnanda barnaverndar og félagsþjónustu og að undangengnu samráði á meðferðarfundi tekur ákvörðun um að breyta fóstursamningi eða fella hann úr gildi, eins og mælt er fyrir um í 32. gr. reglugerðar nr. 804/2004. Ef ekki næst samkomulag við fósturforeldra þar um getur Barnaverndarþjónusta Fjarðabyggðar og Hornafjarðar með bókun meðferðarfundar breytt fóstursamningi eða fellt hann úr gildi með rökstuddri ákvörðun.

29. gr. Framfærsluskylda foreldra

Sérhæfður starfsmaður með samþykki stjórnanda barnaverndar og félagsþjónustu og að undangengnu samráði á meðferðarfundi tekur ákvörðun um hvort krafa verði gerð á foreldra um greiðslu framfærslueyris, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 858/2013 með hliðsjón af þörfum barnsins og fjárhagsstöðu og öðrum högum beggja foreldra. Með sömu sjónarmiðum getur sérhæfður starfsmaður með samþykki stjórnanda barnaverndar og félagsþjónustu og að undangengnu samráði á meðferðarfundi ákveðið að aðstoða foreldra við kostnað vegna umgengni við barn í fóstri að hluta eða öllu leyti. Ef ekki næst samkomulag skal afgreiða málið með rökstuddri ákvörðun.

30. gr. Umgengni í fóstri

Við ráðstöfun barns í fóstur skal sérhæfður starfsmaður hafa frumkvæði að því að gera tillögur um umgengni barns við kynforeldra og aðra nákomna þegar það á við. Leitast skal við að ná samkomulagi við þá sem umgengni eiga að rækja og ganga frá skriflegum samningi um fyrirkomulag umgenginnar, að undangenginni bókun meðferðarfundar.

Ef ekki næst samkomulag um umgengni getur sérhæfður starfsmaður með samþykki stjórnanda barnaverndar og félagsþjónustu og að höfðu samráði á meðferðarfundi gert tillögu um að umdæmisráð barnaverndar úrskurði um ágreiningsefni er varða umgengni barns við foreldra eða nákomna í samræmi við 81. og 74. gr. barnaverndarlaga.

31. Leyndur dvalarstaður

Sérhæfður starfsmaður með samþykki stjórnanda barnaverndar og félagsþjónustu og að undangengnu samráði á meðferðarfundi tekur ákvörðun um að halda dvalarstað barns leyndum og kynnir aðila máls þá ákvörðun sína. Aðili máls getur borið þá ákvörðun undir umdæmisráð barnaverndar sem kveður upp úrskurð í samræmi við 7. mgr. 74. gr. og 8. mgr. 81. gr. barnaverndarlaga.

IV. Málsmeðferð barnaverndarmála

32. gr. Aðgangur að gögnum máls

Stjórnandi barnaverndar og félagsþjónustu tekur ákvörðun, að höfðu samráði við lögfræðing og sérhæfðan starfsmann, um að takmarka aðgang aðila að tilteknum gögnum máls í samræmi við 2. mgr. 45. gr. barnaverndarlaga. Sú ákvörðun er kæranleg til úrskurðarnefndar velferðarmála.

33. gr. Aðstoð lögmans

Bæjarstjórnir Fjarðabyggðar og Hornafjarðar samþykkja reglur um veitingu fjárstyrks til að greiða fyrir lögmansaðstoð, sbr. 2. mgr. 47. gr. barnaverndarlaga.

Lögfræðingur tekur ákvörðun um veitingu fjárstyrks á grundvelli 47. gr. barnaverndarlaga og í samræmi við reglur um veitingu fjárstyrks.

V. Úrræði á ábyrgð sveitarfélaga

34. gr. Sumardvöl fyrir börn

Starfsmenn barnaverndarþjónustu skulu sjá um móttöku, vinnslu og meðferð beiðna frá Gæða- og eftirlitsstofnun um umsagnir vegna umsækjenda um leyfi til að starfrækja sumardvöl í umdæmi Fjarðabyggðar sbr. IV. kafla reglugerðar nr. 652/2004. Þegar starfsmaður hefur skrifað greinargerð um málið að lokinni gagnaöflun skal hún kynnt umsækjanda og honum gefinn kostur á að koma að athugasemdum áður en umsögnin er send Gæða- og eftirlitsstofnun.

35. gr. Stuðningsfjölskyldur

Starfsmenn barnaverndarþjónustu skulu sjá um móttöku, vinnslu og meðferð beiðna frá Gæða- og eftirlitsstofnun um umsagnir vegna umsækjenda um leyfi til að gerast stuðningsfjölskylda sbr. 8. og 9. grein laga um gæða- og eftirlitsstofnun nr. 88/2021, 85.gr. barnaverndarlaga og VI. kafla reglugerðar nr. 652/2004. Þegar starfsmaður hefur skrifað greinargerð um málið að lokinni gagnaöflun skal hún kynnt umsækjanda og honum gefinn kostur á að koma að athugasemdum áður en umsögnin er send Gæða- og eftirlitsstofnun.

36. gr. Heimili og önnur úrræði á vegum Barnaverndarþjónustu Fjarðabyggðar

Starfsmenn barnaverndarþjónustu skulu sjá um að útbúa umsóknir, afla leyfa, gera samninga við vistunaraðila skv. 5. gr. reglugerðar nr. 652/2004, hafa samskipti við Barna- og fjölskyldustofu og aðra aðila vegna þeirra úrræða sem fjallað er um í VII. kafla reglugerðar nr. 652/2004.

37. gr. Útvistun mála samkvæmt þessum kafla

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar getur falið öðrum starfseiningum fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar og/eða velferðasviðs Hornafjarðar að sinna vinnslu verkefna skv. kafla þessum eða annað sem til þarf vegna úrræða á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt þessum kafla og reglugerð nr. 652/2004.

VI. Umsagnarmál

38. gr. Umsagnir samkvæmt ættleiðingarlögum nr. 130/1999

Sérhæfður starfsmaður annast könnun mála vegna umsagnar Barnaverndarþjónustu Fjarðabyggðar og Hornafjarðar um ættleiðingar skv. 16. gr. og 31. gr. laga um ættleiðingar nr. 130/1999. Umsagnir vegna ættleiðingarmála skulu lagðar fyrir meðferðarfund með skriflegri greinargerð þar sem m.a. koma fram upplýsingar um hagi og aðstæður umsækjanda og hvort umsækjandi uppfylli skilyrði í samræmi við ættleiðingarlög og reglugerð um ættleiðingar.

VII. Annað

39. gr. Gildistaka og birting

Samþykkt þessi tekur gildir 1. janúar 2023. Birta skal samþykktina á heimasíðu Fjarðabyggðar og heimasíðu Hornafjarðar.

Þannig samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar, xx xx 2023.

Þannig samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar, xx xx 2023.